

Orlofshús allt árið

**Þroskahjálp á Suðurlandi
býður félagsmönnum í
Þroskahjálp, Umhyggju,
Öryrkjabandalagi og
hliðstæðum samtökum upp
á orlofshús á Selfossi.**

Gott aðgengi

Sjúkrarúm

Fjögur herbergi

Leigt í viku í senn

(frá fös. kl. 16 - fös.kl.13)

**25 þúsund kr. á viku
GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA**



**ÞROSKAHJÁLP Á SUÐURLANDI
STOFNAÐ 1975**

Þroskahjálp á Suðurlandi er lítið félag sem hefur starfað óslitið í liðlega aldarfjórðung. Meginverkefni félagsins er hagsmunagæsla fyrir fatlað fólk á starfssvæðinu. Félagið er aðili að Landsamtökunum Þroskahjálp sem starfar á landsvísu að þessum málum.

Lambhagi 48 á Selfossi er húseign sem félagið festi kaup á fyrir liðlega þremur áratugum þegar þjónusta við fatlaða var nær engin á Suðurlandi. Þar var rekinn skóli og önnur þjónusta sem félagið stóð að fyrstu árin. Í áratugi var húsið síðan nýtt fyrir opinberan rekstur í þágu fatlaðra en þegar Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Suðurlandi ákvað að flytja þá starfssemi annað, komst húsið í umráð félagsins að nýju.

Til þess að húsið nýtist fólki með fatlanir sem allra best ákvað félagið að nýta húsið sem orlofshús fyrir alla félagsmenn ákveðinna hagsmunasamtaka eins og Þroskahjálpar, Umhyggju og Öryrkjabandalagsins, svo einhver séu nefnd.

Félagið hefur nú lokið endurbótum á húsinu og búið það nauðsynlegum húsgögnum og tækjum. Húsið stendur í grónu og vinalegu íbúðahverfi miðsvæðis í bænum og öll aðstaða fyrir fatlaða einstaklinga á Selfossi er með ágætum.

Á Selfossi er sundlaug þar sem er nýbúið að gera miklar endurbætur á hjólastólaaðgengi.

Í húsinu eru fjögur misstór herbergi og svefnpláss fyrir átta manns. Sængur og koddar fylgja en gestir hafi með sér sængurver.

Mjög gott aðgengi er að húsinu og innan þess. Í því er eitt sjúkrarúm og baðstóll.



Rúmgott eldhús.



Notaleg og vel búin stofa.



Eldhúskrókur er í stóra herberginu í vesturenda hússins.

Stofan er vel búin með sjónvarpi, DVD tæki og hljómflutningsgræjum.

Í eldhúsinu eru öll algeng eldhúsáhöld, borðbúnaður fyrir 12, uppþvottavél, vöfflujárn, handþeytari, brauðrist og kaffivél. Einnig er gasgrill við húsið og því fylgir þvottavél og þurrkari.

Húsið er leigt í viku í senn, frá kl. 16 á föstudegi til kl. 13 næsta föstudag.

Vikuleigan er 25.000 kr. sem greiðist inn á reikning félagsins við bókun, samkvæmt nánari fyrirmælum umsjónarmanns.

Umsjónarmaður, Sigurborg Ólafsdóttir tekur við pöntunum í síma alla virka daga frá klukkan 10-18. **Símanúmer umsjónarmanns eru 486 5537 og 866 1354.**

Lyklar eru afhentir í Sunnlenska bókakaffinu, Austurvegi 22 á Selfossi og þar er um leið skrifað undir leigusamning og húsreglur. Að leigutíma loknum er lyklum skilað á sama stað.



Húsreglur Lambhaga 48 á Selfossi

Leigugjald

Leigutaka ber að greiða leigu við bókun, samkvæmt nánari fyrirmælum umsjónarmanns. Kvittun er send á netfangið hdh1@simnet.is og eða í gsm 866 1354. Ef greiðsla hefur ekki borist tveimur dögum eftir bókun telst leigan ógild og verður húsið skráð laust. Leigutaka ber að framvísa kvittun fyrir því að leiga sé greidd þegar lykklar eru sóttir.

(Proskahjálp: Kt. 680780-0219, banki 0152, hb.26, reikn.4219).

Lyklar

Lyklar að orlofshúsinu eru afhentir í Sunnlenska bókakaffinu á Selfossi og skal þeim einnig skilað á sama stað. Þar eru einnig sammingsblöð sem leigutaki skal skrifa undir þegar lykklar eru sóttir. (Opnunartími á Bókakaffinu; júní-ágúst 10-22 alla daga, september-maí er opið mán.-lau. 12-18).

Vandamál

Ef aðbúnaður á leigðri eign er ekki í samræmi við lýsingu er leigutaki beðinn um að láta viðkomandi umsjónarmann vita, sjá símanúmer hér neðst.

Óviðráðanlegar aðstæður

Ef veikindi koma í veg fyrir orlofsdvöl skal tilkynna það umsjónarmanni svo fljótt sem kostur er. Í slíkum tilfellum er leigugjald endurgreitt. Einnig ef veður eða aðrar óviðráðanlegar ytri aðstæður koma í veg fyrir orlofsdvöl.

Umgengni, ábyrgð og skil

Leigutaki ber ábyrgð á umgengni í orlofshúsinu og á lóð þess. Orlofshúsið og aðrar eigur á lóðinni eru skaðabótaskyldar. Almennt skulu greiddar skaðabætur sem nema þeim útgjöldum sem tjón bakar eigendum hússins, ef tjónið er valdið af ásetningi eða gáleysi af leigutaka eða gesti hans. Fylgt skal eðlilegum umgengnisreglum.

Reykingar

Reykingar eru með öllu bannaðar í húsinu!



Gæludýr

Óheimilt er að hafa hunda, ketti eða önnur gæludýr í leiguhúsnæðinu. Lausaganga hunda er bönnuð á Selfossi. Áhersla er lögð á að leigutaki virði þessar reglur, ekki síst með það í huga að sýna ofnæmissjúklingum tillitssemi.

Þrif

Leigutaka ber að skila húsinu hreinu og í sama ástandi og hann tók við því. Sé húsinu skilað illa þrifnu áskilur félagið sér rétt til að innheimta „ræstingagjald“. Gjaldið er mismunandi frá 2.500,- til 5.000,- krónur ef ekki er nægilega vel þrifið að mati umsjónarmanns. Umsjónarmaður getur metið gjaldið enn hærra ef vanhöld á þrifum eru sérstök og útheimta meiri útgjöld fyrir félagið.

Símanúmer Sigurborgar Ólafsdóttur umsjónarmanns eru 486 5537 og 866 1354